



Angi umfangsmestu heræfingar Atlantshafsbandalagsins frá árinu 2015, Tident Juncture, hefur staðið yfir hér á landi undanfarna daga. Um helgina tóku um þrjú hundruð bandarískir fótgönguliðar þátt í hluta hennar sem fór fram í Þjórsár- dal. Nokkrir hernaðarandstæðingar litu við á æfingunni og reyndu að tala um fyrir hermönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS Fleiri ljósmyndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðs-
ins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og
PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Óskhyggja ríki ekki við framkvæmdir

Formaður Viðreisnar segir ljóst að breyta þurfi verklagsreglum þegar kemur að opinberum framkvæmdum og áætlanagerð. Allir flokkar þurfi að koma sér saman um það. Þingflokksformaður Miðflokksins segir að óskhyggjan þurfi að víkja þegar kemur að áætlanagerð.

FRAMKVÆMDIR „Það er ljóst að opinberir aðilar þurfa að taka sig saman í andlitinu. Það er sorglegt á 21. öldinni að við getum ekki haft meira gagnsæi og betri upplýsingar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um endurteknar framúrkeyrslur opinberra framkvæmda.

Meðal framkvæmda sem farið hafa fram úr kostnaðaráætlun má nefna Braggann í Nauthólsvík sem er farinn rúmlega 160 prósent fram úr áætlun, Hlemm mathöll sem fór

tæp 190 prósent fram úr áætlun, Hörpu sem fór um 120 prósent fram úr og þá munu Vaðlaheiðargöng fara umtalsvert fram úr áætlun.

Þorgerður segir að auðvitað verði aldrei hægt að sjá allt fyrir og mannlæg mistök séu gerð. „Við eigum samt að geta gert miklu betur. Allir flokkar eiga að reyna að koma sér saman um hvernig hægt sé að vinna þetta betur. Það er stefna okkar að það eigi að breyta verklagsreglum.“

Í því sambandi bendir hún á þingsályktun um tryggingu gæða,

Lykilatriðið er að það verði tekið á þessu og mistökin verði ekki gerð aftur.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor og var flutt af Jóni Steindóri Valdimarssyni, samflokksmanni hennar.

„Við þurfum að taka upp betri

verkferla og eigum ekki að horfa á þetta flokkspólitískum augum. Við erum tilbúin í það verkefni ef ríkisstjórnin treystir sér í það. Ég leyfi mér að vera bjartsýn ef við náum að draga þetta út úr flokkspólitíkinni.“

Þorgerður segir ljóst að ýmis mistök hafi verið gerð. „Lykilatriðið er að það verði tekið á þessu og mistökin verði ekki gerð aftur. Það er sú krafa sem við stjórnmalameð þurfum að hlusta á. Við þurfum að vera lausnamiðaðri en ekki fara í eitthvað ásakanafærlí.“

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins, segir að heilt yfir þurfi óskhyggjan að víkja þegar kemur að áætlanagerð við opinberar framkvæmdir.

„Það er hægt að reikna sig niður á hvað sem er með því að sleppa hlutum sem reynast svo kannski nauðsynlegir. Ef menn fara ekki raunhæfar leiðir í þessu þá kemur það í bakíð á þeim.“

Það þurfi að viðurkenna að oft sé verið að áætla of mikið fyrir of lítið fjármagn. –sar

Frábær árangur á Evrópumótinu

FIMLEIKAR Íslenska kvennalandsliðið í fimleikum stóð sig frábærliga á Evrópumótinu í Lissabon í Portúgal um helgina. Niðurstaðan varð silfurverðlaun þriðja skiptið í röð.

Andrea Sif Péturadóttir, fyrirliði íslenska liðsins, segir í samtali við Fréttablaðið að liðið sé að nálgast Svía sem hafa orðið Evrópumeistarar í þessari þriðja skipti. Rætt er við Andreu Sif um mótíð á blaðsíðu 10.

Fréttablaðið í dag



Halldór

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson skrifar um Línu Langsokk og tilgang lífsins. 9

SPORT Manchester City heldur áfram að spila leiftrandi fót-bolta. 12

LÍFIÐ Safna í minningarsjóð Einars Darra. 22

PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

Tales from Iceland



BESTA SAFN ÍSLANDS

SKV. TRIPADVISOR.COM



AUSTURBER

NUTRILENK

öflugur liðstyrkur



Veður



Vestan 5-13, hvassast við suðurströndina og rigning eða slydda með köflum. Dregur úr úrkomu með deginum, fyrileitt þurrt í kvöld. Hiti 1 til 8 stig, hlýjast syðst. **SIÁ SIÐU 16**

Ráðherrar riðu um Köben

DANMÖRK Afmælishátíð íslenska hestsins fór fram í Kaupmannahöfn í gær en hátíðin var liður í dag-skrá fullveldisafmælisins. Sigurður Ingi Jóhannsson og Eva Kjer Hansen, samstarfsráðherrar Norðurlandanna á Íslandi og í Danmörku, leiddu skráreið um miðborg Kaupmannahafnar.


Lagt var af stað frá Kristjánborg en skráreiðin endaði á Norðuratlantshafsbrýggju. Íslensku kórarnir Hafnarbræður og Dóttir sungu við opnun hátíðarinnar en talið er að um 1.400 manns hafi verið við staddir.

Eva Kjer Hansen sagði í samtali við Danska ríkistúvarpið að eiginleikar íslenska hestsins kæmu fram í samvinnu landanna tveggja. Íslenski hesturinn væri rölegur, vinnjarnlegur og traustur. – sar

Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir fékk höfðinglegar móttökur



Ólympiumeistarinn hylltur. Sprettauparinn Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir kom heim um helgina eftir frækinn árangur á Ólympíuleikum ungmenna sem fram fóru í Buenos Aires í Argentínu í síðustu viku. Guðbjörg Jóna varð fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna gullverðlaun á Ólympíuleikum þegar hún tryggði sér sigur í 200 metra spretthlaupi. Móttaka var haldin henni til heiðurs í höfuðstöðvum ISI á laugardaginn. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR**



Guðlaugur Þór á Arctic Circle í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/UTANRÍKISRÁÐUNEYTTIÐ**

Áhersla á sjálfbærni

NORÐURLÓÐIR Sjálfbærni verður leiðarljós formennskuáætlunar Íslands í Norðurskautsráðinu. Þetta kom fram í ræðu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra við lok ráðstefnunnar Arctic Circle sem fram fór í Reykjavík um helgina.

Ísland tekur við formennskunni af Finnlandi næsta vor og gegnir henni í tvö ár þegar Rússar taka við árið

2021. Guðlaugur Þór sagði að Ísland myndi þar að auki leggja áherslu á málefni hafsins, loftslagsmál, vistvænar lausnir í orkumálum og lífshætti íbúa norðurskautsins.

Hann sagði að stjórnmálleg legðu áherslu á að styðja og styrkja ráðið sem væri mikilvægur vettvangur stjórnmálaumræðu og fríðsamlegs samstarfs á norðurlóðum. – sar

Vantar pláss fyrir skjöl hjá Þjóðskjalasafninu

Þjóðskjalasafn Íslands hefur ekki tekið við skjölum undanfarna mánuði vegna plássleysis. Þjóðskjalavörður segir að lengi hafi legið fyrir í hvað stefndi og harmar að þessi staða sé komin upp. Beðið er eftir svári fjármálaráðuneytisins.

STJÓRNSÝSLA Um nokkurra mánaða skeið hefur Þjóðskjalasafn Íslands (PSK) ekki getað tekið við gögnum frá stjórnsýslunni sem því ber að gera lögum samkvæmt. Ástæðan er sú að safnið skortir pláss undir fleiri skjöl.

Málið á sér nokkra forsoðu. Fyrstu starfsár sín flakkaði safnið milli Dómkirkjunnar, Alþingishússins og Safnahússins við Hverfisgötu þar til því var fundinn samastaður á niunda áratugnum í gömlu Mjólkursamsölunni við Laugaveg 164. Síðan þá hefur verið unnið að því að bæta aðstöðu safnsins jafnt og þétt.

Í upphafi árs skilaði Framkvæmdasýsla ríkisins minnisblaði um framkvæmda- og viðhaldsáætlun PSK fyrir næstu sex ár. Þar kemur meðal annars fram að nauðsynlegt sé að endurnýja lestrarsal safnsins en sá var tekinn í notkun fyrir tuttugu árum og hugsaður til bráðabirgða í eitt til tvö ár. Þá er einnig víkið að endurbótum sem þarf að gera á húsum á reitnum og þá sérstaklega svokölluðu húsi 5, gömlu ísgerðina svokölluðu, og sagt að afar brýnt sé að framkvæmdir hefjist sem fyrst.

„Við nefndum vöntun á skápum fyrst árið 2012 en síðan þá hefur þetta gengið afar hægt og því ávallt frestað að kaupa skápa. Nú er þetta búið að vera stöpp í kerfinu í hálf ár og við fáum ekki skýringar á því hvað tefur,“ segir Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður.

Safnið átti fund með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins í janúar vegna málsins. Í minnisblaði sem lagt var fram á fundinum segir að PSK varðveiti nú 44 hillukilómetra af skjölum og búið sé við öðrum fimmtíu á næstu þrjá-



Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður við nokkrar af þeim hillum sem nú eru fullar. Hann segir að ljóst hafi verið í hvað stefndi. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

» Væri skjölum safnsins stafað upp í loft væri hæð þeirra tæp fimm Everstfjöll.

tíu árum. Þá fyrst verði rafræn skjöl búið að útrýma pappírskjölum í stjórnsýslunni. Það að fá hús fimm í fulla notkun gefi safninu sautján hillukilómetra sem ætti að duga í um tíu til fimmtán ár að óbreyttu.

„Við höfum sett stöpp á viðtökur á skjölum. Því miður getum við ekki tekið við meiru fyrr en við vitum hvenær við fáum viðbótarplass,“ segir Eiríkur. Møguleiki sé til að byggja upp og niður á núverandi reit safnsins og þar gæti safnið rúmast til frambúðar.

„Við viljum meina að við höfum

rækilega gert grein fyrir stöðunni og ríkisstjórnin og ráðuneytin hafi getað skipað málum þannig að ekki kæmi til þessarar vondu ráðstöfunar. Sem stendur getum við ekki þjónustað stjórnsýsluna sem þarf þá að leigja geymslur til bráðabirgða undir gögn sem þau geta ekki sent okkur,“ segir Eiríkur.

Í svári mennta- og menningarmálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að búið sé að fjármagna fyrsta áfanga framkvæmda við hús fimm og útboðsgögn séu tilbúin. Beðið sé eftir grænu ljósi frá fjármálaráðuneytinu. Þá hafi PSK fengið aukafjárveitingu í vor, 12,5 milljónir króna, til að tryggja að unnt væri að taka á móti pappírsgögnum frá afhendingarskyldum aðilum. **joli@frettabladid.is**

ÚTGÁFUHÓF


í dag, 22. okt. kl. 17:00

í Pennanum Eymundsson, Austurstræti.



Stefán Sturla les upp úr nýrri skáldsögu sinni, spjallar við gesti og ártar bækur.

ALLIR VELKOMNIR





TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM*

LÝKUR Í DAG MÁNUDAG

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.
Gildir á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

Byggðastofnun geti ekki rækt hlutverk sitt vegna upplýsingaskorts

FJÁRLÖG Byggðastofnun getur ekki sinnt sinum lagalegu skyldum vegna skorts á upplýsingum í fjárlögum. Forstjóri Byggðastofnunar segir ekki hægt að gera sér grein fyrir dreifingu útgjalda ríkisins eftir landsvæðum. Í fjórtándu grein laga um opinber fjármál kemur fram að „innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu“. Þetta segir

forstjóri Byggðastofnunar, Aðalsteinn Þorsteinsson, ekki hægt eins og staðan sé núna.

„Í frumvarpi til fjárlaga er ekki birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins. Ekki er heldur sýnd landfræðileg dreifing starfa á vegum ríkisins, opinberra hlutafélaga í eigu ríkisins og starfa í stofnunum sem hafa stóran hluta tekna sinna af fjárlögum,“ segir Aðalsteinn.

Að mati Aðalsteins er því eðli-

legt að Byggðastofnun komi fyrir að gerð fjárlaga til að geta með góðu móti greint áhrif fjárlaga á byggðapróun hér á landi. Gagnlegra væri að Byggðastofnun fengi fjármálaáætlunina til skoðunar og gæti þá gert athugasemdir við skort á byggðamarkmiðum fyrir einstök málefnasvið eftir því sem við á. Það hefði þá vonandi í för með sér að í næstu útgáfu myndu ráðuneytin gera itarlegar grein fyrir áætluðum byggðáhrifum.“ – sa



Frá skrifstofu Byggðastofnunar á Sauðárkróki FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR



Lagt er til að gjald fyrir skráningu útbúa verði lækkað FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erlend félög fælast mikinn kostnað

ALÞINGI Hár kostnaður við skráningu útbúa erlendra félaga hér á landi hefur haft þær afleiðingar að færri slík félög skrá sig hér á landi með þeim hætti. Fjölgun skráninga á utangaröskrár hefur aftur á móti fjölgað.

Þetta kemur fram í athugasemdu Ríkisskattstjóra (RSK) við fyrirhugaðar breytingar á lögum um aukatekiur ríkissjóðs. Sem stendur er gjaldið fyrir skráningu útbúa hér á landi 250 þúsund krónur en lagt er til að það hækkji í 323 þúsund.

Skráir félög sig í utangaröskrár fær þá aðeins útgefna kennitölu vegna bankaskipta. Mun minni skylda til upplýsingagjafar félaga fylgir slíkri skráningu og ekki er skylt að leggja fram ársreikninga. RSK telur ástæðu til að endurskoða heildstætt hvaða útbúa erlendra félaga beri undantekningalaut að skrá hér á landi. –jóe

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Á móti frumvarpi sem bannar samninga í hagnaðarskyni

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, tannlæknar og sjúkrahjálfrarar telja glapræði að banna ríkinu að semja við fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem rekin eru í hagnaðarskyni. Flutningsmaður telur að afgangur renni í rekur.

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkrahjálfrarfélag Íslands (SÞÍ), Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hafa áhyggjur af frumvarpi sem meinar Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) að semja við fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem rekin eru í hagnaðarskyni. Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins segir ákveðins misskilnings gæta í umsögnum umræddra aðila.

Frumvarpið var lagt fram í síðasta mánuði en markmið þess er að taka af öll tvímæli um að ekki skuli gera samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þá verði slíkum aðilum gert óheimilt að reikna arð og arðgreiðslur inn í kostnaðarmat við samningsgerð.

Í umsögn TFÍ um frumvarpið kemur meðal annars fram að félagið telji frumvarpið kollvarpa núverandi kerfi. Breytingin muni hafa það í för með sér að tannlæknar muni síður snúa aftur heim að sérnámi loknu þar sem kjör hér verði ekki samkeppnishæf við önnur lönd. Einnig er spurt í umsögninni hví frumvarpið beinist aðeins að heilbrigðisþjónustufyrirtækjum en ekki þeim sem óbeint hafa hag af henni.

Í umsögn SFÍ er víkið að því að ef ætlunin sé að sjálfstætt starfandi



Tannlæknafélag Íslands segir frumvarpið þýða að tannlæknar snúi síður heim eftir sérnam. NORDICPHOTOS/GETTY



Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna.

starfsmenn greiði sér hærri laun í staðinn skekki það stöðu þeirra samanborið við aðrar greinar. Tekjuskatt og tryggingagjald greiðist af launum en fjármagnstekjuskattur greiðist af arðgreiðslum.

„Auðvitað er ég ekkert hissa á því að áhyggjur hafi komið upp vegna slíkrar breytingar en markmiðið var að skerpa á því heimildarákvæði sem nú þegar er í lögnum og hefur verið beitt,“ segir Ólafur Þór Gunn-

arsson. Hann er fyrsti flutningsmaður málsins en að auki stendur þingflokkur VG að því.

Ólafur segir að ákveðins misskilnings gæti í nokkrum umsögnum um að ekki verði hægt að reikna almenna rekstrarþætti, á borð við nýfjárfestingar, inn í sinn kostnað við gerð samninga. Aðeins sé verið að fara fram á að fjármunir frá ríkinu séu ekki að fara í arðgreiðslur til eigna fyrirtækjanna.

„Það er engin eftirspurn eftir því að ríkið sé að standa undir arðgreiðslum í heilbrigðisgeiranum. Frekar er kallað eftir því að þeir takmörkuðu fjármunir renni í það að bæta þjónustuna. Verði hagnaður í rekstrinum þá gangi hann aftur inn í fyrirtækin til að bæta þjónustu eða

hækka laun þeirra sem þar starfa,“ segir Ólafur.

Í greinargerð með frumvarpinu er víkið að því ójafnvægi sem oft ríkir milli notanda og seljanda heilbrigðisþjónustu. Í umsögn SFV er víkið að því að seljendurnir sjálfir upplifi oft að á þá halli. Ríkið sé nánast eini kaupandi heilbrigðisþjónustu hérlandis og akvarðar framlög til hennar nær einhlíða. Þá ákveður ríkið hvað það vill fá út úr henni en það sé oft ekki í samhengi við upphæðina sem fæst fyrir það.

„Það er alveg rétt að hér er bara einn kaupandi. Víða annars staðar eru tryggingarfélag einnig þátttakendur í því en ég held að það sé tæplega fyrirkomulag sem við viljum,“ segir Ólafur. joli@frettabladid.is

DODGE DURANGO GT PREMIUM

dodge.is



7 MANNA (SJÖ FULLORÐNIR) LÚXUS JEPPI HLADINN BÚNAÐI. ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

Hentar vel fyrir ferðarþjónustuaðila (hægt að fá niðurfellingu vörugjalda). 32" dekk passa beint undir bílinn. 33" breyting kostar kr. 380.000.

STADALBÚNAÐUR GT PREMIUM M.A.: 7 manna og fer vel um fullorðna í þriðju sætaröðinni, fjarstart, leðursæti, lykillaust aðgengi, upphitað stýrishjól, 20" álfelgur, hiti í fram- og aftursætum, 8,4" snerti- upplýsingaskjúr/aksturstöva, minni í bílsjórasæti, útvarpi og speglum, rafdrifin framsæti, blindhorðsvörn, þakbogur með innbyggðum þverbogum, rafmagns afturhleri, Beats hljómkarfi með 9 hátalara og bassaboxi, rafdrifin sóllúga o.m.fl. AUKABÚNAÐUR: Bluray DVD kerfi og málmiltur.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA ERF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI DODGE Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPID VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

DODGE



Nýr **CR-V**

**Komdu og reynsluaktu
söluhæsta sportjeppa heims***



*Heimild: JATO Dynamics (Súlfuráhrif) Janúar 2015 - desember 2017; Mexíkór (eða EU) - EFTA, MFTA, Kína, Japan, Bessía, Rússland, Indónesía, Argentína, Suða-Afríka, Suða-Kórea, Ítalía og Víetnam.



HONDA

Bernhard - Honda á Íslandi • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bíliver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Blóðugir kjördagar í afgönsku kosningunum

AFGANISTAN Þingkosningar fóru fram í Afganistan um helgina. Upphaflega átti kjörfundur aðeins að fara fram á laugardag en vegna vankanta við framkvæmd kosninganna var hann framlengdur fram á sunnudag.

Tæplega níu milljónir Afgana voru á kjörskrá og gátu þeir valið milli 84 mismunandi stjórnmálaflokka. Kjörstaðir voru rúmlega fimm þúsund víðsvegar um landið og kjördeildirnar riflega fjórfalt fleiri. Kosið var um 250 sæti í fulltrúadeild þingsins en þar af er riflega fjórðungur fráteknir fyrir konur. Þriðjungur kjörskrárstofns voru kvenmenn.

Kjörstaðir voru opnaðir klukkan sjö á laugardagsmorgni og stóð til að þeim yrði lokað klukkan fjögur að staðartíma sama dag. Því var hins vegar slegið á frest þar sem hnókrar voru á framkvæmd kosninganna. Kjörstjórnarmenn mættu seint til vinnu og þá virkaði rafrænt kosningakerfi ekki sem skyldi.

» Tíu frambjóðendur týndu lífi í aðdraganda kosninganna og árásir voru gerðar á kjörstaði.

Tíðar árásir á frambjóðendur, kjörstaði og hús sem hýstu kjöröggn settu svip sinn á kosningarnar en minnst tíu frambjóðendur týndu lífi í slíkum árásum. Þá féllu minnst átján borgarar og 25 særðust til viðbótar í áras á kjörstað í höfuðborginni Kabúl. Talsmaður innanríkisráðuneytisins sagði við fréttastofu Al Jazeera að minnst 27 hefðu farist og meira en hundrað særst á kjördag. Sextíu manns, sem grunaðir eru um að hafa reynt að svindla í kosningunum, voru handteknir.

Yfirkjörstjórn landsins mun kunnngjöra úrslit í síðasta lagi 20. desember en talning atkvæða tekur oft langa stund í landinu. –jóe



Sem stendur er leitað að líki Khashoggi í Belgrad-skógi en sá er í um 90 kílómetra fjarlægð frá Istanbul. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sádar margsaga vegna hvarfs blaðamanns

Stjórnvöld í Sádi-Arabíu viðurkenndu um helgina að blaðamaðurinn Jamal Khashoggi hafi týnt lífi á skrifstofu ræðismanns ríkisins í Tyrklandi. Nýjasta útgáfan ekki sannleikanum samkvæm að sögn embættismanns þar í landi.

TYRKLAND Frásögn háttsetts sáðiarabískis embættismanns af hvarfi blaðamannsins Jamal Khashoggi stangast á við útskýringar stjórvalda þar í landi af hvarfinu. Frásögn þeirra hefur að visu tekið margvíslegum breytingum frá því að sagt var frá hvarfi blaðamannsins.

Fyrir um þremur vikum fór Khashoggi, sem hefur verið afar gagnrýnn á stjórnvöld í ættlandi sínu í skrifum sínum, á skrifstofu ræðismanns Sádi-Arabíu í Istanbul í Tyrklandi til að ganga frá skilnaðarþappírnum sínum vegna fyrra hjónabands. Var það nauðsynlegt svo hann gæti gengið að eiga Hatice Cengiz, núverandi unnustu sína. Síðan þá hefur ekkert til hans spurst en Cengiz beiddi hans fyrir utan hús ræðismannsins.

Sáðiarabísk stjórnvöld neituðu strax í upphafi að hafa átt nokkurn þátt í hvarfi hans og sögðu að hann hefði yfirgefið húsið bakdyramegin. Nokkrum dögum síðar opnuðu þau dyr ræðismannshússins upp á gátt svo fólk gæti séð að Khashoggi væri þar hvergi að finna en fyrstu fréttir hermdu að honum væri mögulega haldið þar gegn vilja sínum.

Fyrir tólf dögum birtu fjölmiðlar í Tyrklandi myndir og upptökur af fimmtán manna hópi Sada sem sást í kringum hús konsúlsins um það bil er Khashoggi sást síðast. Líkur voru leiddar að því að umræddir menn hefðu grandað blaðamanninum.

Á laugardag viðurkenndi Sádi-Arabía að Khashoggi hefði beðið bana í húsi ræðismannsins. Sendinefnd hafi verið send til Istanbul til að sannfæra hann um að flytja aftur til Sádi-Arabíu. Þaðan hafði Khashoggi flutt fyrir um ári síðan þar sem hann óttaðist um öryggi sitt í landinu. Þegar hann neitaði því á að hafa komið til átaka og í tilraun sinni til að róa blaðamanninn hafi mennirnir óvart kæft hann. Átján hafa verið handteknir vegna málsins og Ahmed al-Asiri, háttsettur maður innan hers landsins, hefur verið rekinn. Fjölmiðlar í Sádi-Arabíu segja að hann hafi skipulagt sam-særi gegn krónprins landsins um að bana Khashoggi og skella skuldinni síðan á prinsinn.

Reuters fréttastofan birti í gær



Sádar hafa viðurkennt að Jamal Khashoggi hafi látist á skrifstofu konsúlsins.

» Einn mannanna klæddi sig í fót Khashoggi og gekk síðan út af skrifstofu konsúlsins.

frásögn háttsetts sáðiarabískis embættismanns sem stangast á við hina opinberu frásögn yfirvalda. Heimildarmaðurinn, sem óskaði þess að nafn hans kæmi ekki fram, segir að „sendinefndin“, sem meðal annars innihélt réttarmeinafræðing, hafi fengið þá skipun að nema Khashoggi á brott. Höfðu þeir meðal annars hótad honum með róandi lyfjum kæmi hann ekki sjálfviljugur. Þegar það gekk ekki kom til átaka og dó Khashoggi í þeim. Einn af hinum fimmtán klæddi sig síðan í fót Khashoggi og fór úr skrifstofunni. Var það gert til að sýna fram á að blaða-

maðurinn hefði farið sjálfur frá konsúlnum. Líkinu var komið til manns í Istanbul sem fékk það verk að láta það hverfa.

Hin opinbera frásögn hefur verið dregin í efa af mörgum enda þykir sendinefndin nokkuð undarlega saman sett miðað við að markmiðið hafi verið að ná Khashoggi burt á lífi. Stjórnvöld í Tyrklandi hafa sagt að þau munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast til botns í málinu.

Bretland, Frakkland og Þýskaland sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem fordæmdu dráp Khashoggi. Þá drögu þau yfirlýsingar Sádi-Arabíu í efa og kölluðu eftir því að málið yrði kannað ofan í kjölinn. Þá sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, að frásögn Sádi-Arabía væri ekki sannfærandi. Hingast til hefur hann staðið með þeim í málinu. joil@frettabladid.is

Varaafils-rafgeymar

Er fyrirtækið viðbúið straumleysi?



Símkerfi • Rafveitur • Öryggiskerfi • Orkuver

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • skorri.is



Hafnir–forsenda fullveldis þjóðar

Málþing á Grand hóteli í Reykjavík, miðvikudaginn 24. október 2018

Dagskrá

- 15:00 **Ávarp**
Gísli Gíslason, formaður stjórnar Hafnasambands Íslands
 - 15:05 **Ávarp forseta Íslands**
Guðni Th. Jóhannesson
 - 15:20 **Hafnir og fullveldi**
Guðjón Friðriksson sagnfræðingur
 - 15:45 **Innviðir og löggjöf á norðurlóðum**
Friðrik Árni Friðriksson Hirst, lögráðingur og sérfræðingur í innviðum og norðurlóðarétti og Stefán Már Stefánsson prófessor við Háskóla Íslands
 - 16:10 **Hafnir, skip og lífríkið**
Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa, grænna lausna hf.
 - 16:35 **Sjávarklasamál**
Þór Sigfússon, forstjóri Sjávarklasans
- Umræður**

Málþingsstjóri: Guðný Sverrisdóttir

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

ORMSSON

HEITIR DAGAR

AEG

Ofnar og helluborð



með 20-25% afslætti

Gerðu gott eldhús betra



Opunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS



ORMSSON
Greifslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUDÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÓÐUM
SÍMI 4712038

ORMSSON
PAN-NEKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI
SÍMI 433 0300

BLÓMSTURVELLIR
HELLISSANDI
SÍMI 436 6655

+PLÚS



+PLÚS



SKOÐUN

FRÉTTABLAÐIÐ

Jöklanna tindar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Mannkyninu hefur ekki verið sérlega lagið að hlúa að dvalarstað sínum, Jörðinni, enda hefur það lítið á hana sem ótæmandi uppsprettu auðlinda og hgað sér samkvæmt því. Nú stendur maðurinn frammi fyrir þeirri óhrekjanlegu staðreynd að loftslagsbreytingar ógna tilveru hans. Engum er um að kenna nema manninum sjálfum sem hefur hgað sér óvarlega og óviturlega. Mannkynið hefur ekki ýkja langan tíma til að bjarga sjálfu sér. Ekkert annað er í boði en að bretta upp ermar og takast á við það verkefni. Þá þurfa að vinna saman stjórnmalamen, vísindamenn, talsmenn náttúruverndar og almenn- ingur allur.

Árleg ráðstefna eins og Arctic Circle í Hörpu er mikilvægt skref í erfiðum björgunarleiðangri, en þetta árið mættu þangað tvö þúsund fulltrúar fimmtu ríkjá til að ræða málefni norðurslóða og ekki síst loftslags- breytingar sem þar eru að verða og munu hafa áhrif um allan heim. Íslendingar eiga þarna öflugan fulltrúa sem er fyrrverandi forseti, Ólafur Ragnar Grímsson. Hann er reyndar maður sem hefur aldrei verið allra, en dregur hvernig af sér finni hann málefni sem hann telur rétt að berjast fyrir og á auðvelt með að vinna áhrifafolk á sitt band. Hann er í hárrétta hlutverki sem formaður Arctic Circle. Á þeirri ráðstefnu skapast mikilvæg sambönd og öflug samvinna verður að veruleika þar sem allir stefna að sama marki: að bregðast við þeirri miklu hættu sem stöðjar að mannkyninu vegna loftslagsbreytinga.


Jöklarnir á norðurslóðum eru að bráðna með alvarlegum afleiðingum fyrir heimsbyggðina. Í viðtali á Stöð 2 sagði Ólafur Ragnar að ef Grænlandsjökull minnkaði um fjórðung myndi sjávarýfirborð hækka um tvo metra um allan heim og Singapúr og Arabísku furstadæmin yrðu ekki til eins og þau eru í dag. Það er ekki er ofmælt að baráttan við loftslagsbreytingar sé upp á líf og dauða.

Maðurinn hefur valdið gríðarlegum skaða á náttúru sinni með þeim afleiðingum að ýmis undur eru að hverfa, eins og jöklarnir. Hér á landi hoga þeir hratt vegna hlýnunar jarðar.

Skömmu áður en Arctic Circle var haldin í Hörpu kom út ljósmyndabókin Jökull með myndum Ragnars Axelssonar, en hann hefur í áratugi myndað náttúru á norðurslóðum, heim sem er um það bil að hverfa. Í þessari nýju bók sinni, sem er margra ára verkefni, byrjar þessi ástríðufulli náttúruunnandi og frábæri ljósmyndari á því að sýna volduga jökla Íslands með alls kyns mynstrum og formum, aðrar myndir sýna stór brot úr þeim velkjast um í svörtu fjórborði og síðasta mynd bókarrinnar er af ógandi hafi sem jökla- brotin hafa bráðnað í. Þessar áhrifamiklu myndir eru harkaleg áminning um að náttúrugessermar eru að hverfa vegna þess að maðurinn hefur ekki haft vit á því að taka ábyrgð á umhverfi sínu. Það er hans sök að hinir fannhvítu jöklanna tindar, sem Jónas okkar orti um, eiga í fyllingu tímans eftir að tilheyra fortíðinni. Allir deyða yndi sitt, sagði Oscar Wilde og þau orð lýsa vel hinu eyðandi sambandi mannsins við náttúruna.

Það er ekki er ofmælt að baráttan við loftslagsbreytingar sé upp á líf og dauða.

Halldór



Frá degi til dags

Allar línur lauser
Viða laga reiðeldar í kjölfar greinar Jóns Steinars Gunnlaugssonar í Morgunblaðinu. Mestur er reykurinn á vef- og samfélagsmiðlum en þó fór nokkur samúðarskjálfti með lögmálinum um hlustendur Útvarps Sögu. Þangað hrindi kona tvisvar á föstudag til þess að upplýsa að í ráðhúsi Reykjavíkur starfaði fjöldi fólks við það helst að drekka kaffi og hanga á Facebook. Sjálf hafði hún hrökklast þaðan úr starfi og ekki verið mjög dugleg á samfélagsmiðlum. Eftir þetta virðist konan hafa slegið á þröðinn til Jóns Steinars sem hafði áþekka ráðhússögu eftir í skyldingum sínum við feminista um helgina.

Tafarlaus dómur
Á þessum stað í blaðinu á föstudag var gert óþarflega mikið úr meintri töf á birtingu dóms sem felldur var á Suðurlandi í sumar yfir manni sem var sekur fundinn um hatursorðræðu. Sema Erla Serdar gerði grein fyrir efni dómsins, sem hafði farið hljótt af gildum ástæðum, í síðustu viku. Dómurinn var ekki birtur á netinu í samræmi við reglur um að slíkt skuli ekki gera ef sektarupphæð er undir áfrýjunarfarhæð. Þá fékk Sema, sem aðili að málinu, dóminn sendan snarlega eftir að hún óskaði eftir honum. Þeðist er velvirðingar á þeim djúpu áratökum sem hér voru tekin í þessu sambandi. thorarinn@frettabladid.is

Réttu barni bók



Lilja Alfreðsdóttir
menntamálaráð- herra

Nú er tími vetrarfríanna hjá íslenskum grunnskólábörnum. Það er kærkomin tilbreyting að líta upp úr námsefninu bæði fyrir nemendur og kennara og vonandi gefst sem flestum færi á að njóta samverustunda í fríinu. Öll viljum við að börnin okkar njóti þeirra möguleika sem lífföð hefur upp á að bjóða. Mikilvægt er að þau fái tækifæri til þess að þroskast og blómstra í fjölbreyttum verkefnum.

Lestrarfærni er lykill að lífsgæðum okkar og bækur grundvöllur símenntunar alla ævi. Við vitum að þeirri færni hefur farið hrakandi og ýmislegt hefur þegar verið gert til þess að snúa þeirri þróun við og efla læsi barna og unglinga.

Á dögnum kynntum við aðgerðir sem miða að því að styrkja stöðu íslenskrar tungu til framtíðar. Í liðinni viku mælti ég fyrir frumvarpi sem heimilar endurgreiðslu 25% kostnaðar vegna útgáfu bóka á íslensku. Þeirri aðgerð er ætlað að hvetja til aukinnar útgáfu bóka, á prenti og rafrænum miðlum og auka þannig framboð og fjölbreytni efnis fyrir íslenska lesendur.

Til þess að stuðla að bættu læsi þurfa allir aldurs hópar, og ekki síst börn og ungmenni, að geta nálgast áhugavert og fjölbreytt lesefni á íslensku.

Gildi bókaútgáfu fyrir þróun tungumálsins okkar er óumdeilt. Útgáfa bóka er ein af mikilvægustu stöðum íslenskrar menningar.

Frá því að land var numið á Íslandi höfum við skrifað og lesið til að skilja okkur sjálf. Það er tungumáli okkar sem geymir þann galdur.

Íslenskan er okkar fjöðtunga og opinbert mál, og okkur ber að tryggja að hægt sé að nota hana á öllum sviðum þjóðlífsins. Til þess eru margar leiðir, sumar umfangsmiklar eins og sú innspýting fyrir íslenska útgáfu sem frumvarpið boðar. Aðrar eru einfaldari og kalla á hugarfarsbreytingu eða aukna meðvitund hjá okkur öllum, eins og að velja oftar að rétta barni bók.

vfs.is

M18 FUEL ONE-KEY™ M18 FTS210
Alvöru borðsög frá Milwaukee

M18 FUEL™ skilar aflinu til þess að saga án þess að það dragi niður í henni við venjulegar aðstæður. Stærð blaðs 210mm með 63mm skurðargætu í 90°.

POWERTATE™ mótör.
REDLINK PLUS™ yfirálagsvörn.
REDLITHIUM-ION™ High Output™
ONE-KEY™ elti- og öryggiskerfi.

Verð 179.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

Milljón og einn

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Camus og Lína

Svona speki á sér stöð í skrifum franskra tilvistarheimspekings eins og Albert Camus og Jean Paul Sartre. Lína Langsokkur tilheyrir óhikað þeim skóla. Tilgangur lífsins er ekki eitthvað utanað-komandi eins og forskrift Guðs eða Múhameðs. Hann er ekki hogginn í stein. Hann er ekki regluverk eða skylduboð. Hann er ekki svar sem geimfarið Voyager 32 mun finna á fjarlægri plánetu árið 2167. Tilgangurinn er þvert á móti manns eigin. Hann vex í brjósti manns. Hann er hugdetta. Tilgangurinn liggur í umhverfinu, í ævintýrunum sem mann langar að upplifa, markmiðum sem maður vill ná eða í hversdagslegri iðju sem gleður.

Þegar ég velti fyrir mér eilífðar-spurningunni um tilgang lífsins kemur Lína Langsokkur iðulega upp í hugann. Teiknimyndirnar um Línu voru órjúfanlegur hluti af heimilislífinu þegar börnin mín voru yngri. Þá hljómaði á hverjum degi upphafslagið, þar sem Lína syngur þessar hendingar í belg og biðu: Hvað á að gera næst? Hvað geri ég næst?

Lína er vægast sagt óþreyjufull og orkumikil stelpa. Spurninga-flaumur hennar varðandi næstu verkefni í lífinu urðu mér smám saman undirstaða að svari, sem hefur nægt mér ágætlega, um tilgang lífsins. Tilgangur lífsins er að gera það sem mann langar til að gera næst. Það skiptir engu máli hversu smátt eða litilfjórlegt það er sem mann langar að gera, maður verður alltaf að lifa til þess að gera það. Ef mann langar að standa upp og fá sér hnetur úr skálinni á borðstofuborðinu, verður maður að vera lifandi. Maður fær sér ekki hnetur dauður. Tilgangur lífsins er þar með, á þeirri stundu, að standa upp og fá sér hnetur.

Tilgangurinn er í smáu sem stóru. Ef mig langar að gutla á gitarinn minn verð ég að lifa. Líka til að berjast gegn fátækt. Ef mig langar í sund verð ég að lifa. Ef mig langar í kaffi, ef mig langar að ganga á Keili, ef mig langar að sjá börnin mín vaxa úr grasi, ef mig langar að vera heima þegar konan mín kemur regnvot og veðurbarin heim úr leiðsögumennsku á fjöllum, þá verð ég að vera lifandi. Ég geri ekkert af þessu dauður.

Að efla lífsviljann

Camus vildi meina að á hverjum morgni ætti fólk að spyrja sjálf sig af hverju það ætti ekki að svipta sig lífi þann daginn. Þetta er þung pæling. Ég upplifi þessa spurningu sem dramatiska útgáfu af Línu Langsokk. Ef mann langar að gera



eitthvað næst, þá verður maður að vera á lífi. Ef mann langar í göngutúr meðfram sjónum er ekki hægt að gera það óðruvísi en lifandi. Camus var væntanlega að fiska eftir þessu. Á hverjum morgni býðst manni að fara yfir kringumstæður sínar í huganum og hugsa um það sem mann langar að upplifa, smátt og stórt, og efla með þeirri hugsanaæfingu lífsviljann.

Mér finnst þetta kraftmikil speki. Fjölmargt í lífinu virkar á gagnstæðan hátt og er frekar til þess fallið að draga úr manni lífsviljann. Maður fer til dæmis ekki fram úr rúminu út af því að maður er svo spennur að lesa nýjustu færslur á samfélagsmiðlum í rifrildi kynjanna eða vegna þess að mann langar svo inn á tekjur is. Smám saman lærir maður að

greina kjarnann frá hisminu. Að njóta daganna. Krónan fellur og það er röð haustlægða. Þá er upplagt að fara í leikhúsi.

Allt sem er frábært

Sjálfsvíg eru eitthvað það skelfilegasta samfélagsmein sem hægt er að hugsa sér. Umræðan um sjálfsvíg gýs upp öðru hvoru og alltaf virðist manni úrræðaleysið vera svo yfirgripsmikið. Mann langar til að samfélagið komi einhver veginn í veg fyrir sjálfsvíg. Maður óskar þess að fólk í svartasta myrkri sínu sé leitt einhvern veginn fyrir sjónir að lífið er fullt af dásamlegum hlutum — jafnvel litilfjórlegum, undursamlegum hlutum — þótt þeir séu ekki sýnilegir í svipinn. Líklega er fátt erfðara. Það verður samt að reyna.

Um helgina fór ég á leikrit í Borgarleikhúsinu sem heitir Allt sem er frábært. Leikritið er á meðal þess sem er frábært. Valur Freyr Einarsson er fullkominn í hlutverkinu. Persóna hans gerir lista yfir allt sem er frábært í lífinu, til að reyna að koma í veg fyrir sjálfsvíg. Mér finnst að skólafyrirvöld ættu að bjóða öllum unglingum á þetta leikrit. Alltaf. Eftir leikritið heldur maður ósjálfrátt áfram að bæta á listann. Kraftur hins smáa eflist. Hjá mér er milljón og einn þetta: Að hlæja í huganum að brandaranum sem sonur minn sagði mér upp úr Andrésblaði. Hefurðu heyrt um lesblinda heimspækninginn sem var að velta fyrir sér tilgangi fílsins?

Varðveitum þjóðleiðirnar



Einar Skúlason áhugamaður um þjóðleiðir



Það er miður að þessar merkilegu fornminjar hverfi og því vil ég hvetja til þess að hagsmunaaðilar taki sig saman um að gera veg gömlu þjóðleiðanna meiri.

Fýrri á öldum og allt fram á 20. öld var til viðtækt net göngu- og reiðleiða um allt land. Leiðirnar lágu á milli fjarða, dala og landshluta. Framan af var ekkert sérstakt skipulag á bak við þetta samgöngukerfi, þetta þróaðist bara og leiðirnar urðu til þar sem þægilegt var að komast á ólíkum árstímum og á sem stytum tíma. Þetta var því byggt á uppsafnaðri reynslu kynslóðanna, sem mörkuðu leiðirnar í mörg hundruð ár.

Á seinni hluta 19. aldar var farið í umfangsmiklar vegabætur á mörgum þessara leiða í öllum landshlutum og miklu fjármagni veitt til þess. Stórum björgum var oft rutt til hliðar og öðru grjóti, hlaðið undir vegi í hliðum og reisulegar vörður reistar. Verkefni þessi héldu áfram inn í 20. öldina og þekktasta verkefnið var lagning Konungsveggarinn fyrir konungskomu 1907 þegar vagnfær vegur var lagður austur í sveitir svo að Friðrik VIII. gæti ferðast í vagni sínum er hann kom til landsins. Þegar bílaöld gekk í garð tóku þarfir bílsins yfir þarfir fótgangandi og riðandi varðandi veggerð og umferð um gömlu leiðirnar féll niður að mestu leyti. Gömlu leiðirnar sjást ekki svo greinilega á ræktuðu landi, en yfirleitt eru þær skýrari á heiðum

og í fjalllendi landsins þó að frost og þiða og aukinn gróður dragi hægt og sigandi úr verksummerkjum.

Sauðkindin hefur lengst af haldið þessum gömlu leiðum við með því að fara þær og einhverjar leiðirnar hafa verið vinsælar meðal gangandi, riðandi, hlaupandi og jafnvel hjólandi fólks. Stærstur hluti leiðanna er hins vegar litið farinn og með fækkun sauðfjár á sumum svæðum og takmarkaðri umferð er líklegt að margar þessara gömlu leiða muni hverfa á komandi áratugum. Það er miður að þessar merkilegu fornminjar hverfi og því vil ég hvetja til þess að hagsmunaaðilar taki sig saman um að gera veg gömlu þjóðleiðanna meiri og stuðli að gerð verndar-ættana með því að auka umferð um þær, standa fyrir námskeiðum um viðhald á vörðum og geri aðgang að þeim skýrari en er í dag.

BYGGT Á SANDI? FRÆÐIN BAKVIÐ FJÁRMÁLAKERFIÐ

Opinn fundur í hátíðarsal Háskóla Íslands
þriðjudaginn 23. október kl. 12-13



Dr. Ásgeir Brynjar Torfason
Lektor í viðskiptafræðideild
Háskóla Íslands



Dr. Gylfi Magnússon
Dósent í viðskiptafræðideild
Háskóla Íslands

Allir velkomnir!



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Samtök Sparifjäreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Er um að nálgast sænska liðið

Íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum vann silfurverðlaun á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem lauk í Lissabon í Portúgal á laugardaginn. Andrea Sif Pétursdóttir fyrirlíði var mjög sátt við frammistöðu íslenska liðsins þrátt fyrir að niðurstaðan hafi vissulega verið vonbrigði.

FIMLEIKAR Eftir harða og æsispennandi baráttu við kunnulegan andstæðing, Svíþjóð, varð íslenska kvennalandsliðið að setta við sig silfurverðlaun á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í Lissabon í Portúgal og lauk á laugardaginn. Keppnin var jöfn og reðust úrslitin ekki fyrir en í lokaumferðinni. Þegar upp var staðið munaði einungis hársbreidd á milli liðanna, en það voru 0,200 stig sem skildu liðin að. Þrátt fyrir að hafa vonast eftir því að lenda sæti ofar var frammistaða íslenska liðsins frábær og Andrea Sif Pétursdóttir, fyrirlíði liðsins, segir liðið ganga sátt frá borði frá mótinu.

„Við erum mjög ánægðar með eigin frammistöðu og ég held að við hefðum ekki getað gert betur að þessu sinni. Við bættum okkur þó nokkuð í mörgum þáttum í þessu móti. Við settum vissulega stefnuna á gullið, en við nálgumst allavega Svíana. Það munaði 0,600 stigum síðast og nú munaði bara 0,200 stigum. Við tókum þetta skrefi lengra næst og skákum þeim,“ segir Andrea Sif, en Svíar hafa orðið Evrópumeistar arþrísvar sinnum í röð og í öll skiptin hefur íslenska liðið andað ofan í hálsmálið á þeim og unnið silfurverðlaun.

„Það er samt að vissu leyti verja að tapa með svona litlum mun. Þá fer maður ósjálfrátt að hugsa hvort maður hefði getað gert betur í einhverju stökki eða einhverjum aefingum. Hugsunin fer í það að ef að eitthvert liðið smáatriði hefði gengið betur þá væri sigurinn okkar. Ég er samt á því að við höfum gert allt eins og best verður á kosið. Það voru



Íslenska liðið sýndi glæsileg tilþrif í dansæfingu á gólf í Evrópumótinu í Lissabon um helgina. MYND/KRISTINN ARASON



Mynd af íslenska liðinu sem vann silfurverðlaun á EM. MYND/KRISTINN ARASON

Ég er sérstaklega ánægð með hvernig okkur tókst upp með stökk-in á dýnu. Við þurfum svo að bæta okkur aðeins á trampólíni þá komumst við upp fyrir sænska liðið eftir tvö ár.

Andrea Sif Pétursdóttir

smá hnökrar í stökkunum á trampólíninu, en ekkert sem hefði gert gæfumuninn. Við erum því sáttar með árangur okkar og frammistöðu,“ segir hún enn fremur um mótið.

„Ég er sérstaklega ánægð með hvernig okkur tókst upp með stökk-in á dýnu. Það sem við ætluðum okkur þar gekk algerlega fullkomlega upp. Stökkinn sem voru með nokkuð háan erfiðleikastuðul voru afar vel framkvæmd, lendingarnar djúpar og eins nálægt því að vera fullkomnar og mögulegt er. Það er frammistaða okkar þar sem við getum verið stoltastar af að mínu mati. Við þurfum svo að bæta okkur aðeins á trampólíni og þá komumst við upp fyrir sænska liðið eftir tvö ár,“ sagði fyrirlíðinn þegar hún var beðin um að nefna jákvæða atriðið sem hægt væri að taka frá mótinu og hvað þyrfti að bæta.

„Núna tekur við svoltið erfiður tími og það er smá tómléki í mínum huga þessa stundina. Þetta er sérstaklega erfitt af því að við vorum svo nálægt þessu og maður mun svekka sig eitthvað á því að hafa ekki tekið gullið svona næstu dagana. Við erum búnar að undirbúa okkur fyrir þetta mót síðan í desember á síðasta ári. Það er því tæpt ár sem hefur farið í undirbúning og það hefur mikill tími farið í að undirbúa sig fyrir þetta mót,“ segir Andrea Sif um tilfinninguna sem hún ber í brjosti þessa stundina.

„Við hugsuðum svo um nánast ekkert annað frá því í júlí í sumar og lögðum líkama og sál í undirbúninginn. Við erum búnar að æfa ofboðslega stíf og vel í fjóra mánuði og það er skýrtin tilfinning að þetta sé bara búið. Við erum þéttur og vel samstilltur hópur og þetta var ofboðslega gaman. Nú fer bara hver í sína rútinu í vinnu og skóla. Hvað fimleikana varðar fara flestir í nokkrar vikur í fri áður en farið er að æfa aftur með félagsliðunum,“ segir hún enn fremur um undirbúninginn og framhaldið. hjorvar@frettbladid.is

Nýjast

Olis-deild karla



Valur - Afturelding 25-28

Markahæstir: Valur: Vignir Stefánsson 5, Magnús Ó. Magnússon 4, Anton Rúnarsson 4. **Afturelding:** Tumi S. Rúnarsson 8, Elvar Ásgeirsson 6, Birgir Benediktsson 5.

KA - ÍR 25-25

Markahæstir: KA: Tarik Kasumovic 11, Áki Egilsson 5, Sigþór Gunnar Jónsson 3, Allan Nordberg 2. **ÍR:** Sturla Ásgeirsson 8, Björgvin Þór Hólmgeirsson 6.

FH - Selfoss 27-30

Markahæstir: Birgir Már Biggison 9, Ágúst Birgisson 5, Arnar Freyr Ársælsson 5. - **Selfoss:** Elvar Örn Jónsson 7, Árni Steinn Steinþórsson 6, Haukur Þrastarson 6.

Akureyri - ÍBV 22-29

Markahæstir: Akureyri: Patrikur Stefánsson 6, Ihor Kopyshynskiy 4, Garðar M. Jónsson 4. **ÍBV:** Kári K. Kristjánsson 10, Fannar Þ. Friðgeirsson 7, Theodor Sigurbjörnsson 4.

Fram - Grótta 20-24

Markahæstir: Fram: Þorsteinn G. Hjálmarsson 4, Valdimar Sigurðsson 3, Svavar Kári Grétarsson 3. **Grótta:** Jóhann Reynir Gunnlaugsson 6, Leonhár Þorgeir Harðarson 5.

Efri	Selfoss	11	Grótta	5
Haukar	9	Fram	5	
Afturelding	8	KA	5	
Valur	7	ÍR	3	
FH	7	Akureyri	2	
ÍBV	6	Stjarnan	2	

Olis-deild kvenna



Fram - ÍBV 23-27

Markahæstar: Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 9, Unnur Ómarsdóttir 6, Steinunn Björnsdóttir 4. **ÍBV:** Greta Kavallauskaite 9, Anna Sif Pálsdóttir 8, Ester Óskarsdóttir 4.

HK - KA/Þór 20-19

Markahæstar: HK: Tinna Sól Björgvinsdóttir 5, Diana Kristín Sigmarsdóttir 4. **KA/Þór:** Rákel Sara Elvarsdóttir 5, Katrín Vilhjálmisdóttir 4, Martha Hemannsdóttir 4.

Efri	Fram	10	KA/Þór	6
Valur	7	Haukar	4	
ÍBV	7	Stjarnan	3	
HK	6	Selfoss	1	

Dominos-deild kvenna



Haukar - Keflavík 69-86

Stigahæstar: Haukar: Þóra Kristín Jónsdóttir 25, Lele Hardy 15, Sigrún Björg Ólafsdóttir 9, Rósa Björk Pétursdóttir 9. **Keflavík:** Brittany Dinkins 38, Bryndís Guðmundsdóttir 11, Birna Valgerður Benónýsdóttir 10.

Valur - Breiðablik 71-67

Stigahæstar: Valur: Hallveig Jónsdóttir 20, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 11, Simona Podesvova 9, Brooke Johnson 9. **Breiðablik:** Kelly Faris 26, Sóllilja Bjarnadóttir 17, Isabella Ósk Sigurðardóttir 11, Björk Gunnarsdóttir 5, Þórdís Jóna Kristjánisdóttir 3.

Skallagr. - Stjarnan 79-71

Stigahæstar: Skallagrímur: Brysha Blair 21, Shequilla Joseph 19, Maja Michalska 14, Ines Kerin 9, Sigrún Sjöfn Ámundaðóttir 8. **Stjarnan:** Danielle Victoria Rodriguez 24, Briet Sif Hinriksdóttir 17, María Florencia Palacios 17, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7.

KR - Snæfell 72-69

Stigahæstar: KR: Kiana Johnson 15, Orla O'Reilly 14, Unnur Tara Jónsdóttir 12, Perla Jóhannsdóttir 10, Vilma Kesanen 9, Ástrós Lena Eðgisdóttir 6, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 6. **Snæfell:** Kristen McMarthy 23, Katarina Matijevic 19, Angelika Kowalska 10, Berglind Gunnarsdóttir 9, Gunnhildur Gunnardóttir 6, Helga H. Björgvinsdóttir 2.

Efri	Snæfell	6	Haukar	4
KR	6 <td>Stjarnan</td> <td>4</td> <td></td>	Stjarnan	4	
Keflavík	4 <td>Skallagrímur</td> <td>4</td> <td></td>	Skallagrímur	4	
Valur	4 <td>Breiðablik</td> <td>0</td> <td></td>	Breiðablik	0	

Fljótlegt og freistandi

Findus

Réttur dagsins frá Findus

Valgerður laut í lægra haldi

HNEFALEIKAR Hnefaleikakonunni Valgerði Guðsteinsdóttur tókst ekki að hreppa Eystrasaltsbeltið, en hún tapaði í viðureign sinni við hina norsku Ingrid Egner í baráttu þeirra um beltíð á laugardagskvöldið.

Bardagi þeirra, sem var aðalbardagi kvöldsins, var nokkuð jafn og Valgerður stóð sig vel á móti hinum tífalda Noregsmeistara í hnefaleikum.

Hvorugri tókst að sigrast með rot-hoggi og þar af leiðandi var það dómaraúrskurður sem réði úrslit-

» **Andstæðingur**
Valgerðar á laugardagskvöldið er margreind hnefaleikakona. Valgerður tapaði á dómaraúrskurði.

um. Þar dæmdu dómaraúrskurðs Egner einróma sigur.

Auk þess að hafa orðið Noregsmeistari tíu sinnum hefur Egner barist í um það bil 150 áhuga-

mannabardögum á ferli sínum. Þarna er því á ferðinni afar reynd hnefaleikakona sem marga fjór-una hefur sopið.

Þetta var fyrsti bardagi Valgerðar síðan hún mætti Katarínu Thanderz í hringnum í mars í bardaga upp á heimsmeistaratil þar sem Valgerður tapaði sömuleiðis samkvæmt dómaraúrskurði.

Fékk Valgerður aðeins rúma viku í undirbúning fyrir þann bardaga gegn hinni geysisterku Thanderz og upplifði þar sitt fyrsta tap á hnefaleikaferli sínum. -hó



Valgerður Guðsteinsdóttir barðist í Noregi á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Lionel Messi röltir hér meiddur af velli um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

Messi missir af El Clásico

FÓTBOLTI Argentínski knattspyrnu- maðurinn Lionel Messi fékk slæma byltu þegar Barcelona bar siguroð af Sevilla í leik liðanna í spænsku úrvalsdeildinni á laugardagskvöldið.

Messi meiddist á handlegg og Barcelona sendi frá sér tilkynningu eftir leikinn þess efnis að hann hafi brákastr á hendi við fallið. Fram kom í tilkynningunni að Messi verði frá í um það bil þrjár vikur vegna meiðsla sinna.

Það þýðir að hann missir af leik Barcelona gegn Real Madrid í deildinni sem fram fer um næstu helgi. Þar að auki mun hann missa af leikjum liðsins gegn Inter í Meistaradeild Evrópu. Þá mun hann verða fjarri góðu gamni í bikarleik Barcelona gegn Cultural Leonesa og deildarleik Rayo Vallacano.


Mögulegt er að hann verði klár í tæka tíð þegar liðið fær Real Betis í heimsókn í 12. umferð deildarinnar 11. nóvember næstkomandi. Barcelona komst með sigrinum á Sevilla í gær á topp deildarinnar. -hó

Rakel heldur áfram að skora

FÓTBOLTI Rakel Hönnudóttir, landsliðskona í knattspyrnu, skoraði sjötta mark sitt í jafn mörgum leikjum fyrir lið sitt, Limhamn Bunkéflo, þegar hún skoraði eitt mark liðsins í 3-0 sigri gegn Kalmar í sænsku úrvalsdeildinni á laugardaginn. Rakel hefur skorað sjö mörk í 17 leikjum sínum fyrir liðið á leik- tíðinni.

Þrátt fyrir að Limhamn Bunkéflo hafi haft betur í þremur af síðustu fjórum deildarleikjum sínum er liðið í bullandi fallbaráttu fyrir lokaumferð deildarinnar.

Limhamn Bunkéflo er í fallsæti með 23 stig, en liðið hefur jafn mörg stig og Vittsjö sem er í sætinu fyrir ofan þar sem liðið hefur töluvert betri markatölu. Hammarby er svo þar fyrir ofan með 24 stig. Limhamn Bunkéflo mætir Djurgården í lokaumferðinni eftir slétta viku. -hó



HVAÐA HUGMYNDIR KÝST ÞÚ Í ÁR?

Hverfakosningin er í fullum gangi á hverfidmitt.is. Gríptu tækifærið til að hafa bein áhrif.

hverfidmitt.is | Til 30. október

HEIT VAÐLAUG
MÍÐBORG
Kosið 2016



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 9. umferðar 2018-19

Chelsea - Man. Utd. 2-2

1-0 Antonio Rüdiger (21.), 1-1 Anthony Martial (55.), 1-2 Anthony Martial (73.), 2-2 Ross Barkley (90.)

B'mouth - S'oton 0-0

Cardiff - Fulham 4-2

0-1 Andrea Schürrle (11.), 1-1 Josh Murphy (15.), 2-1 Bobby Reid (20.), 2-2 Ryan Seesegnon (34.), 3-2 Callum Paterson (65.), 4-2 Kadeem Harris (87.)

Man. City - Burnley 5-0

1-0 Sergio Agüero (17.), 2-0 Bernardo Silva (54.), 3-0 Fernandinho (57.), 4-0 Riyad Mahrez (83.), 5-0 Leroy Sané (90.)

Newcastle - Brighton 0-1

0-1 Beram Kayal (29.)

